

**Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Hnífsdalsbryggju,
410 Hnífsdal.**

Reykjavík, 18. desember 2015.

Efni: Drög að tillögu að matsáætlun Háafells ehf. fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Landssamband veiðifélaga hefur kynnt sér tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonnum af norskum laxi í Ísafjarðardjúpi og mótmælir áformum félagsins.

Landssambandið sér ekki ástæðu til að fjalla um einstaka þætti matsáætlunar HG á þessu stigi málsins, en mun gera viðeigandi athugasemdir verði frummatsskýrsla lögð fram til kynningar.

Þó er rétt að vekja athygli yðar á að í matsáætlun kemur fram að Hraðfrystihúsið Gunnvör er tilgreindur framkvæmdaraðili og er matsáætlun sett fram í nafni þess fyrirtækis. Þá kemur einnig fram í matsáætlun að „Nú hefur öll fiskeldisstarfsemin verið flutt undir Háafell“.

Háafell ehf. mun vera einkahlutafélag og annar og sjálfstæður lögaðili þótt það sé alfarið í eigu HG. Landssamband veiðifélaga telur augljóst að það samræmist ekki lögum nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum að framkvæmdaaðili sé annar en sá sem skal hafa framkvæmdina á hendi sem tekin er til mats.

Í lögskýringum með frumvarpi til laga um mat á umhverfááhrifum er vísað til tilskipunar 85/337/EBE um orðskýringu á hugtakinu *framkvæmdaraðili*. Af tilskipuninni, eins og hún er uppfærð hinn 13. desember 2011, verður ekki ráðið að framkvæmdaraðili geti verið annar en sá er stendur fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og hefur hana með höndum. Af þessu leiðir að HG getur ekki verið framkvæmdaraðili í skilningi laga í matsferli þessu þar sem HG hyggst ekki lengur stunda þá starfsemi sem fyrirbyggjandi matsáætlun kveður á um.

Þá furðar Landssambandið sig á eftirfarandi ummælum sem fram koma í matsáætlun:

„Þar sem erfiðlega hefur gengið að fá heimild til að vera með eldi laxfiska í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi hefur verið tekin ákvörðun um að sækja fyrst um leyfi til eldis á regnbogasilungi. Þegar leyfi til eldis regnbogasilungs liggur fyrir mun verða sótt um leyfi til laxeldis í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi“.

Landssamband veiðifélaga bendir á að engu skiptir hvort fyrirtækið hafi áður sótt um eldi á regnbogasilungi og leggur áherslu á að fara verður með hina fyrirhuguðu framkvæmd sem nýja og með fullkomlega sjálfstæðum hætti. Engin skemmri skír er hér í boði.

Það vekur athygli Landssambandsins að HG skuli hafa flutt sjókvíaeldisstarfsemi sína í óburðugt einkahlutafélag nú, þegar sótt er um leyfi til að ala norskan lax í sjókvíum svo nærri verðmætum laxveiðiám. Nærtækasta skýringin er sú að félagið sé að skjóta sér undan skaðabótakröfum sem munu rísa vegna þess umhverfistjóns sem starfsemin mun valda í nærliggjandi laxveiðiám og skylt er að bæta sbr. 3. mgr. 18. gr. 1. nr. 71/2008 um fiskeldi.

Þá telur Landssamband veiðifélaga rétt að upplýsa yður að Landssambandið mun á öllum stigum máls þessa leitast eftir fremsta megna að stöðva fyrirhugaða framkvæmd eldis á norskum laxi í Ísafjarðardjúpi. Mun Landssambandið leita atbeina dómstóla til að hnekkja útgáfu eldisleyfis ef svo ber undir.

Er hér með skorað á yður að falla frá fyrirhugaðri framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Jón Helgi Björnsson, form LV

Samrit sent Skipulagsstofnun.